



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 30. janúar, 2015

Ákvörðun nr. 2/2015

**Beiðni Lásabjónustunnar ehf. og Neyðarþjónustunnar ehf.
um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna samnings um
næturvaktir vegna útkalla**

1.

Samkeppniseftirlitinu barst erindi, dags. 2. janúar 2015, frá Lásabjónustunni ehf. (Lásabjónustunni) og Neyðarþjónustunni ehf. (Neyðarþjónustunni). Þar óska fyrirtækin eftir undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga, frá bannákvæði 10. gr. laganna, vegna samnings þeirra á milli um „næturvaktir vegna lásaútkalla.“

Í erindi félaganna segir að þau hafi í mörg ár haldið úti, hvort um sig, sérstakri neyðarþjónustu fyrir þá sem þurfi aðstoð við að komast inn í læst húsnæði eða læstar bifreiðar í þeirra eigu eftir að almennri dagvinnu lásasmiða lýkur, þ.e. frá kl. 18 og fram til kl. 08 að morgni næsta dags. Ekki sé vitað til þess að aðrir en umrædd fyrirtæki séu að sinna þessum verkum allan sólarhringinn, nema fyrirtækið Vaka hf. sem einungis opni læsta bíla. Þá kemur fram að umrædd þjónusta hafi verið rekin með tapi hjá báðum fyrirtækjunum. Telja félögin að nauðsynlegt sé að veita þessa þjónustu þar sem oft komi fyrir að menn komist ekki inn heima hjá sér eða geti ekki opnað bifreiðar sínar, t.d. eftir að hafa glatað lyklum. Af þeim sökum megi segja að „hér sé um nokkurs konar samfélagslega þjónustu að ræða.“

Með vísan til framanritaðs óska félögin eftir því að fá undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga til að gera með sér samkomulag um að þau skipti með sér neyðarþjónustu á kvöldin og nóttunni, á tímabilinu milli kl. 18 og 08. Þetta yrði með þeim hætti að aðeins annað fyrirtækið annaðist neyðarþjónustuna hverju sinni, eina viku í senn. „Með því móti yrði álag á starfsmenn vegna næturuútkalla minna.“ Myndi hvort félag um sig vinna eftir eigin gjaldskrá eins og verið hafi til þessa.

2.

Eins og áður segir sækja félögin tvö um undanþágu til samstarfs um neyðarþjónustu með vísan til 15. gr. samkeppnislaga. Í lagagreininni segir að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Skilyrði fyrir því að veita undanþágu eru þau að viðkomandi samstarf;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efling tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og



d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Uppfylla þarf öll skilyrðin til þess að undanþága sé veitt af hálfu Samkeppniseftirlitsins og rökstyðja fyrirtækin það í erindi sínu með eftirtöldum hætti að þau skilyrði sem um ræðir séu uppfyllt:

- Sökum þess að taprekstur sé hjá báðum fyrirtækjunum á þeirri neyðarþjónustu sem veitt er á nóttunni sé um lágmarksmönnun að ræða við þjónustuna. Hafi það stundum leitt til þess að neytendur hafi ekki fengið nauðsynlega þjónustu þar eð ekki hafi náðst samband við lásasmið á vakt. Með því að skipta með sér neyðarþjónustunni eftir vikum nái fyrirtækin að skipuleggja þjónustuna betur og tryggja að hún standi ávallt til boða. Þar með stuðli samstarf félaganna að bættri þjónustu neytendum til hagsbóta.
- Ávinningur neytenda yrði sá að neyðarþjónusta yrði ávallt í boði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins á næturnar við hvort félagið sem þeir hefðu samband. Vegna langvarandi tapreksturs vegna neyðarþjónustunnar telja fyrirtækin vera hættu á því að annað hvort þeirra eða bæði félögin hætti þessari neyðarþjónustu á nóttunni alfarið. Með samstarfi félaganna er hægt að tryggja bætтан rekstur næturþjónustunnar og veita neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af því hlýst.
- Félögin tvö telja ekki að samstarfið sem um ræðir setji þeim höft til að ná settum markmiðum. Hvort félag um sig stundi almenna markaðssetningu á þeim sviðum sem þau starfa, í samkeppni hvort við annað og notist og muni notast, hvort um sig, við sína gjaldskrá vegna neyðarþjónustunnar og við aðra þjónustu sem þau veita, hér eftir sem hingað til.
- Félögin benda á að hagkvæmnis- og hagræðingarástæður liggja að baki beiðni þeirra um undanþágu. Nauðsynlegt sé að draga úr kostnaði til að unnt sé að veita neyðarþjónustuna. Umrætt samstarf sé ekki til þess fallið að hindra aðra aðila í að reyna fyrir sér á markaðnum.

3.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að sá markaður sem hér um ræðir sé neyðarþjónusta um nætur, á tímabilinu milli kl. 18 og 08, vegna sk. lásaútkalla á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða þjónustu við þá sem þurfa aðstoð við að komast inn í læst húsnæði eða læstar bifreiðar í þeirra eigu eða umsjá eftir að almennri dagvinnu lásasmiða lýkur.

Vegna viðvarandi taps við að veita þjónustuna óska fyrirtækin Lásþjónustan og Neyðarþjónustan eftir undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, á grundvelli 15. gr. laganna, vegna samnings á milli félaganna um neyðarþjónustu á nóttunni. Til að draga úr kostnaði hafa félögin hug á því að skipta neyðarþjónustunni sem þau veita, sín á milli, viku fyrir viku. Gera þau ráð fyrir að eftirspurnin eftir þjónustunni verði óbreytt en að kostnaður þeirra við að veita hana umtalsvert lægri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað er umræddur markaður fyrir neyðarþjónustu mjög



lítill. Auk þeirra fyrirtækja sem eru aðilar þessa máls veitir fyrirtækið Vaka hf. þjónustu við að opna læsta bíla allan sólarhringinn. Þrjú önnur lítil fyrirtæki annast lásaþjónustu vegna húsa, að einhverju leyti neyðarþjónustu að nóttu. Lásaþjónustan, sem er minna fyrirtækið af þeim tveimur sem eru aðilar þessa máls, hefur skv. upplýsingum fyrirtækisins tekjur af næturþjónutunni sem nema [...]¹ en það eru [...]² af heildartekjum þess. Tekjur Neyðarþjónustunnar af umræddri næturþjónustu námu að jafnaði [...]³ sem voru u.þ.b. [...]⁴ af heildartekjum félagsins. Á sama tímabili var beinn kostnaður fyrirtækisins við næturþjónustuna [...]⁵

4.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að neyðarþjónusta vegna lásaútkalla á næturnar á höfuðborgarsvæðinu, sem er markaður þessa máls, sé nauðsynleg fyrir borgarana. Lásaþjónustan og Neyðarþjónustan, sem eru stærstu aðilar sem veita umrædda þjónustu, reka hana samkvæmt upplýsingum félaganna með tapi. Til að tryggja að unnt verði að veita þjónustuna telja félögin nauðsynlegt að skipuleggja hana betur en verið hefur. Hafa þau af þeim sökum hug á að skipta með sér verkum þannig að hvort fyrirtæki sinni næturþjónustunni aðra hvora viku. Ljóst er, að þó að umrædd þjónusta sé neytendum mikilvæg þá eru tekjur af henni mjög lágar. Telur Samkeppniseftirlitið, bæði með vísan til þess og á hvern hátt skipulag þjónustunnar er hugsað, að ástæða sé til að veita málsaðilum undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga í samræmi við beiðni þeirra frá 2. janúar 2015. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrði 15. gr. til að veita undanþágu séu uppfyllt enda notist hvort félag fyrir sig við eigin gjaldskrá og stundi virka samkeppni á öðrum mörkuðum sem þau starfa í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Undanþágan er tímabundin til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum er unnt að endurmeta þörfina fyrir undanþágu af þessu tagi, með hliðsjón af þróun markaðarins.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Lásaþjónustunni ehf. og Neyðarþjónustunni ehf. heimild til samstarfs um skipulag neyðarþjónustu á næturnar vegna sk. lásaútkalla, með þeim hætti að aðeins annað fyrirtækið annist neyðarþjónustuna hverju sinni, eina viku í senn.

Heimildin er bundin því skilyrði að félögin, hvort fyrir sig, notist við eigin gjaldskrár í störfum sínum og stundi virka samkeppni á öðrum sviðum sem þau starfa í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Í því samhengi skuldbinda félögin sig til þess að ekki fari fram upplýsingaskipti á milli þeirra um viðkvæm viðskiptaleg málefni, s.s. um verð, viðskiptakjör og vöru- eða þjónstuframboð.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



Undanþága þessi gildir til þriggja ára frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Félögin geta fyrir þann tíma farið fram á framlengingu undanþágunnar. Skulu félögin þá gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir samstarfinu sem hér um ræðir, umfangi þess, verðþróun, afkomu af þjónustunni og þróun markaðarins að öðru leyti.

Brot á skilyrðum ákvörðunarinnar varða viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson